

Umsagnir bárust frá Tryggingarsjóði vegna fjármálafyrirtækja, Samtökum fyrirtækja í fjármálaþjónustu og Hagsmunasamtökum heimilanna.

Í umsögn Tryggingarsjóð vegna fjármálafyrirtækja segir að tímabært sé að endurskoða lög um sjóðinn og bent á að horfa mætti til efnisatriða tilskipunar 2014/49/ESB (DGS III). Í nýrri áætlun ráðuneytisins (mál S-100/2026) er DGS III áfram í 3. forgangi og ekki er sett fram tímasett áætlun um innleiðingu hennar. Aftur á móti áformar ráðuneytið að leggja til breytingar á lögum um sjóðinn á næsta löggjafarþingi. Ráðuneytið hyggst hafa samráð við sjóðinn um þær breytingar.

Í umsögn Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu er lögð áhersla á tímanlega og vandaða innleiðingu EES-gerða þar sem ekki sé gengið lengra en nauðsynlegt sé. Miklu varði að hagaðilar séu upplýstir tímanlega um fyrirsjáanlegar breytingar á löggjöf til að nægt svigrúm gefist til aðlögunar. Ráðuneytið leitast við að innleiða EES-gerðir tímanlega og leggur til grundvallar að setja ekki íþyngjandi kröfur sem ekki er gerð krafa um í gerðunum án viðhlítandi rökstuðnings í greinargerð með lagafrumvörpum. Ráðuneytið hyggst leitast við að upplýsa hagaðila tímanlega um fyrirsjáanlegar breytingar á löggjöf með því að birta áfram áætlun um innleiðingar og með því að birta áform um lagasetningu á fyrri stigum. Einnig hefur komið til umræðu að bjóða í auknum mæli upp á opna fundi með hagaðilum eftir birtingu áforma um lagasetningu eða frumvarpsdraga til að gefa þeim frekari kost á því að koma ábendingum á framfæri og bera upp spurningar.

Í umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna er gerð athugasemd við að í áætluninni sé ekki fjallað um EES-gerðir á sviði neytendaverndar á fjármálamarkaði. Tilskipanir (ESB) 2023/2225 um lánessamninga fyrir neytendur, (ESB) 2021/2167 um lánaþjónustuaðila og lánakaupendur og 2014/17/ESB um lánessamninga fyrir neytendur í tengslum við íbúðarhúsnæði eru nefndar sem dæmi. Ráðuneytið hefur leitast við að telja til í áætluninni til allar óinnleiddar móðurgerðir á sviði fjármálamarkaðar sem heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneytið. Ekki er fjallað um tilskipun (ESB) 2023/2225 í áætluninni því hún heyrir ekki undir fjármála- og efnahagsráðuneytið heldur atvinnuvegaráðuneytið. Sama máli gegndi áður um tilskipun (ESB) 2021/2167, en fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur nú tekið við henni og því er fjallað um hana í nýrri áætlun ráðuneytisins (mál S-100/2026). Í umsögninni segir að í dómi Héraðsdóms Reykjaness frá 12. nóvember 2024 í máli nr. E-2539/2021 hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að íslensk lög um fasteignalán til neytenda hafi verið frábrugðin ákvæðum tilskipunar 2014/17/ESB. Dóminum var áfryjað til Hæstaréttar og felldi hann dóm 14. október 2025 í máli nr. 55/2024. Í dóminum er ekki komist að þeirri niðurstöðu að lög um fasteignalán til neytenda samræmist ekki tilskipuninni. Hann er því ekki talinn kalla á breytingar á lögnum til að tryggja samræmi við tilskipunina.